

**Sp.** **404. Tillaga til þingsályktunar** [147. mál]  
um fréttasendingu til skipa á höfum úti.

Flm.: Finnur Jónsson, Jóhann Jósefsson, Pétur Ottesen.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að landssíminn sendi út á stuttbylgjum til íslenskra skipa á höfum úti, svo sem áður hefur tíðkast, daglegan fréttauádrátt, er fréttastofa útvarpsins semji.

#### Greinargerð.

Fréttaskeyti á stuttbylgjum voru fyrir stríð send daglega til skipa á höfum úti. Meðan á ófriðnum stóð var sendingu hætt, en tekin upp á ný á árinu 1949 og haldið áfram þangað til í febrúar 1950. Þá var sendingu skeyta þessara hætt vegna ágreinings milli landssímans og útvarpsins. Það er kunnugt, að útvarpið heyrir mjög skammt frá landinu vegna truflana frá erlendum útvarpsstöðvum. Íslenskum skipum, sem sigla um úthöfin, hefur mjög fjölgað á undanförunum árum, og er nú svo komið, að sjómenn þeir, er dvelja mörgum tugum eða hundruðum saman fjarri heimilum sínum, eru fréttalausir vikum eða mánuðum saman.

Ekki er flm. kunnugt um, að nein menningarþjóð komi sér hjá að veita sjómönnum slíka þjónustu. Verður það að teljast mjög illa farið, að ágreiningur tveggja stofnana, sem hafa rúmlega þriggja tuga milljóna umsetningu og nauðsynleg tæki og mannafla til starfans, skuli hafa orðið þess valdandi, að sjómenn hafa verið sviptir því að fá fréttir að heiman til fjarlæggra landa.

Hefur þing Farmanna- og fiskimannasambands Íslands sent Alþingi áskorun um að bæta úr þessu. Treysta flm. því, að þetta verði gert hið allra bráðasta.